

Bæjarstjórn - 1890

## FUNDARBOÐ

**1890. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 4. maí 2022 og hefst  
kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

##### 1. 2111310 - Óseyrarhverfi, deiliskipulag

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.apríl sl.  
Skipulagshöfundar mæta til fundarins og kynna tillögu að deiliskipulagi  
Óseyrarhverfis.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að deiliskipulagi Óseyrarhverfis  
verði auglýst og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Hugmynd um Hvaleyrarbraut í stökk er sett fram í greinargerð skipulagsins.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að skoðaðir verða valkostir og  
kostnaðarmat vegna hugsanlega breytinga á skipulagi Hvaleyrarbrautar.

##### 2. 2101519 - Ásland 4, deiliskipulag

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.apríl sl.  
Bæjarstjórn samþykkti þann 9. febrúar sl. að auglýsa tillögu að deiliskipulagi  
Áslands 4 samhliða breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna  
Áslands 4 og 5. Tillagan gerir ráð fyrir blandaðri lágreistri byggð sérbýla og fjölbýla  
á 44 hektara svæði. Tillagan var auglýst tímabilið 25.2.2022-12.4.2022.  
Athugasemdir bárust. Umsögn skipulags- og byggingarsviðs lögð fram ásamt  
uppfærðum uppdrætti og greinargerð þar sem m.a. fallið hefur verið frá notkun  
djúpgáma.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir uppfærða tillögu að deiliskipulagi Áslands 4  
að teknu tilliti til framkominnar umsagnar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

##### 3. 1811277 - Menntastefna

1.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 27.apríl sl.  
Kynnt menntastefna Hafnarfjarðar. Ennfremur lögð fram fundargerð 7. fundar með  
menntaleiðtogum.

Fræðsluráð samþykkir menntastefnu Hafnarfjarðar og vísar til frekari staðfestingar í  
bæjarstjórn.

Fræðsluráð þakkar öllum þeim sem komu að vinnu við gerð stefnunnar,  
nemendum, starfsfólki og foreldrum ásamt starfsfólki mennta- og lýðheilsusviðs.  
Stefnan endurspeglar vilja barna starfsmanna, barna og foreldra til skóla- og  
frístundastarfs í Hafnarfirði þar sem lögð er áhersla á vellíðan, félagslegt öryggi og

sjálfstæði. Borin er virðing fyrir ólíkum lífsháttum og fjölbreytni. Hvetjandi aðstæður verði til frístunda og náms sem styðja við frumkvæði, samvinnu og skapandi hugsun. Börn fái tækifæri til þess að þróa hæfileika sína í gegnum leik og nám á eigin forsendum og njóta stuðnings til að þroskast og dafna. Unnið verði að aðgerðaráætlun og innleiðingu, tímalínu og útdeilingu fjármagns næsta haust.

#### **4. 2105289 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2022 og 2023-2025**

1.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.apríl sl.

1.liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 13.apríl sl.

Lagður fram viðauki II við fjárhagsáætlun 2022. Umhverfis-og framkvæmdaráð samþykkir viðaukann og vísar til bæjarráðs.

1.liður úr fjölskylduráði frá 22.apríl. sl.

Guðmundur Sverrisson deildarstjóri hagdeildar mætir á fundinn og fer yfir viðauka og stöðu fjárhagsáætlunar sviðsins.

Lagt fram og vísað til bæjarráðs.

Rósa Steingrímsdóttir mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir viðauka I og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

#### **5. 2204281 - Straumhella 20 og 22, ósk um lóðarvilyrði**

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.apríl sl.

Lögð fram umsókn Oddafells ehf. um lóðarvilyrði fyrir lóðunum Straumhelli 20 og 22.

Bæjarráð samþykkir að veita vilyrði fyrir lóðunum Straumhelli 20 og 22 fyrir þá uppbyggingu sem fram kemur í umsókn. Skal vilyrðið gilda í 6 mánuði. Endanleg úthlutun lóða getur ekki farið fram fyrr en að lokinni skipulagsvinnu og að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Málinu vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

#### **6. 2204129 - Jötnahella 7, 9 og Tunguhella 14 og 16, ósk um lóðarvilyrði**

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.apríl sl.

Lögð fram umsókn Hvaleyrís ehf um lóðarvilyrði fyrir lóðunum Jötnahella 7 og 9 og Tunguhella 14 og 16.

Bæjarráð samþykkir að veita vilyrði fyrir lóðunum Jötnahelli 7 og 9 og Tunguhelli 14 og 16 fyrir þá uppbyggingu sem fram kemur í umsókn. Skal vilyrðið gilda í 6 mánuði. Endanleg úthlutun lóða getur ekki farið fram fyrr en að lokinni skipulagsvinnu og að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Málinu vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

#### **7. 2203319 - Brynja hússjóður Öryrkjabandalagsins, beiðni um stofnframlög, 2022 og 2023**

11.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.apríl sl.

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31.mars sl.

9.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 6.apríl sl.

Leiðrétt bókun.

Bæjarráð samþykkir að Hafnarfjarðarkaupstaður úthluti Brynju, Hússjóði ÖBÍ 12% stofnframlagi vegna kaupa á 10 íbúðum. Áætlað stofnframlag vegna kaupanna er

samkvæmt umsókn 67.442.742.- kr. Vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

## **Fundargerðir**

### **8. 2201211 - Fundargerðir 2022, til kynningar í bæjarstjórn**

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.apríl sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 27.apríl sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 27.apríl sl.

a. Fundargerðir íþróttá- og tómstundanefndar frá 12.og 19.apríl sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 22.apríl sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 28.apríl sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 13.apríl sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 25.apríl sl.

c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 25.apríl sl.

d. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 1. apríl sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 2.maí sl.

## **Áætlanir og ársreikningar**

### **9. 2203695 - Ársreikningur Hafnarfjarðarkaupstaðar 2021 og fyrirtækja hans, síðari umræða.**

11.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 20.apríl sl.

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. apríl sl.

Bæjarráð vísar ársreikningi bæjarsjóðs Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2021 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Til máls tekur Rósa Guðbjartsdóttir.

Forseti ber þá upp tillögu um að ársreikningi Hafnarfjarðarkaupstaðar 2021 og fyrirtækja hans verði vísað til 2. umræðu sem fram fer í bæjarstjórn 4. maí nk. Er það samþykkt samhljóða.

02.05.2022

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri